

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 93/1953. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Aðalsteini Óskari Þórarinssyni og

Hjalta Þórarinssyni (Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um brot á lögum um iðju og iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði Aðalsteinn Óskar er stjórnarformaður Trésmiðjunnar Heiðmerkur h/f. Ákærði Hjalti kveður sig vera hluthafa í félaginu, en ekki verður séð af gögnum málsins, að hann beri á nokkurn hátt ábyrgð samkvæmt iðnlöggjöfinni á ráðningu starfsmanna félagsins. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann af kröfum ákærvaldsins í málinu.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, fer húsgagnagerð í fyrrnefndri trésmiðju fram með þeim hætti, að unnið er samtímis að smíði fjölda húsgagna af sömu tegund. Smíðin er að mestu leyti framkvæmd með vélavinnu, sem hefur verkaskiptingu í för með sér. Húsgögnin eru einföld að gerð, og er ekkert fram komið, er hrindi því áliti héraðsdóms, þar sem tveir sérfróðir menn áttu sæti, að þeir þættir smíðarinnar, þar sem vélanotkun verður ekki við komið, séu svo einhæfir og óbrottnir, að ekki sé þörf sérnáms samkvæmt II. kafla laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, til að inna þá af hendi. Má samkvæmt þessu fallast á það með héraðsdómi, að framleiðsluhættir trésmiðjunnar í heild falli undir ákvæði um iðju í I. kafla laga nr. 18/1927. Ber því einnig að sýkna ákærða Aðalstein Óskar af kröfum ákærvaldsins og staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkisjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Gústafs A. Sveinssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. apríl 1952.

Ár 1952, fimmtudaginn 3. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómarar, ásamt meðdómsmönnum Birni Rögnvaldssyni og Sveini Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1034 og 1035/1952: Ákærvaldið gegn Aðalsteini Óskari Þórarinssyni og Hjalta Þórarinssyni, sem dómtekið var 17. marz s.l.

Með ákæruskjali, dagsettu 20. desember 1951, eru þeir Aðalsteinn Óskar Þórarinsson húsasmíðameistari, Mávahlið 14, og Hjalti Þórarinsson, Heiðmörk við Sogaveg, ákærðir fyrir brot gegn iðnlöggjöfinni samkvæmt lögum um iðju og iðnað nr. 18/1927, 14. gr., sbr. 13. gr., sbr. lög nr. 105 1936, 1. og 2. gr., sbr. reglugerð um iðnaðarnám nr. 38 1941, 1. gr. og 13. gr., sbr. reglugerð nr. 100 1942. Þykja ákærðu hafa brotið nefnd lagaákvæði,

með því að ákærði Hjalti og Ágúst Björnsson, sem hvorugur hefur iðnréttindi húsgagnasmiða, hafa undanfarið unnið í fyrirtæki ákærðu „Trésmiðjunni Heiðmörk“ við Sogaveg við húsgagnasmiði.

Eru ákærðu Aðalsteinn Óskar Þórarinsson og Hjalti Þórarinsson ákærðir til refsingar samkvæmt lögum um iðju og iðnað nr. 18 1927, 27. gr. og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Aðalsteinn Óskar Þórarinsson er fæddur 10. október 1915 í Reykjavík og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1945 25/7 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn iðnlögunum.

1948 16/6 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1951 14/4 Reykjavík. Kærður fyrir brot á iðnlögum. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 3/9 1951.

Ákærði Hjalti Þórarinsson er fæddur 10. október 1915 í Reykjavík og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1928 18/6 Sætti áminningu fyrir grjótkast á hesta og fleiri ókynnti.

1942 29/10 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1945 29/10 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 14. apríl 1951, kærði Þorsteinn Löve eftirlitsmaður það til sakadómarans í Reykjavík, að annar ákærðu í máli þessu, Aðal-

steinn Óskar Þórarinsson, léti nokkra menn, sem ekki hefðu iðnréttindi í húsgagnasmíði, smíða húsgögn á verkstæði sínu „Heiðmörk“ h.f. Ákærði viðurkenndi fyrir dómi, að þetta væri rétt.

Umsagnar Iðnráðs var leitað varðandi mál þetta. Komst það að þeirri niðurstöðu í bréfi, dagsettu 21/6 1951, að „Þórarinn“, sem mun eiga að vera ákærði, Aðalsteinn Óskar Þórarinsson húsgagnasmíðameistari, hefði smíðað húsgögn, án þess að hafa til þess lögákveðin réttindi. Jafnframt benti Iðnráð á það, að húsgagnsmiðir og húsgagnasmíðir hefðu að undanfögnu unnið meira og minna hverjir í annarra iðn. Mál þetta var síðan sent dómismálaráðuneytinu til fyrirsagnar. Með bréfi, dagsettu 3. september 1951, tók ráðuneytið fram, að það fyrirskipaði eftir atvikum ekki frekari aðgerðir í málinu að svo stöddu.

Með bréfi, dagsettu 17. september 1951, kærði svo Þorsteinn Löve f.h. Húsgagnasmíðafélaganna í Reykjavík enn yfir því, að ákærði Aðalsteinn Óskar Þórarinsson léti þá Hjaltu Þórarinsson, sem einnig væri meðeigandi, og Ágúst Björnsson smíða húsgögn á verkstæði sínu „Heiðmörk“ við Soga-veg, án þess að þeir hefðu réttindi til húsgagnasmíða. Var þess getið í kærinni, að ákærði Aðalsteinn Óskar hefði hvorki fyrr né síðar sótt um leyfi Félags húsgagnasmíða í Reykjavík til að hafa ófaglærða menn við húsgagnasmíði.

Ákærði Aðalsteinn Óskar Þórarinsson hefur skýrt frá því, að hann hafi rekið Trésmiðjuna „Heiðmörk“ síðan árið 1942. Hefur ákærði aðallega fengið við húsgagnasmíði. Ákærði hefur meistararéttindi í húsgagnasmíði, en eigi í húsgagnasmíði. Við fyrirtæki ákærða hafa starfað menn, sem hafa ekki réttindi í húsgagnasmíði. Ákærði kveðst strax í upphafi hafa reynt að fá menn með réttindum í húsgagnasmíði, en það engan árangur borið. Næstu árin reyndi hann öðru hvoru, en án árangurs. Í apríl s.l. kvaðst hann hafa fært þetta í tal við Þorstein Löve, en það engan árangur borið heldur. Ákærði kvaðst hafa látið þá Hjaltu Þórarinsson og Ágúst Björnsson hætta störfum, er álit Iðnráðs var komið um kærana á hendur honum s.l., sumar, en menn þessir höfðu unnið hjá ákærða að húsgagnasmíði. Er ákærði fékk bréf sakadómara s.l. haust um það, að dómismálaráðuneytið fyrirskipaði ekki eftir atvikum frekari aðgerðir í málinu að svo stöddu, þá lét ákærði þá ákærðu Hjaltu og Ágúst hefja störf af nýju við húsgagnaframleiðsluna, án þess að hafa sótt um leyfi Félags húsgagnasmíða til þess. Ákærði kveðst framleiða húsgögn í fjöldaframleiðslu undir málningu. Húsgögnin eru að mestu leyti framleidd í vélum. Þeir ákærði Hjalti og Ágúst hafa unnið að framleiðslunni hjá ákærða og m. a. fengið við að setja saman húsgögnin og búa þau undir málningu. Húsgögnin hefur ákærði síðan selt í verzlani.

Ákærði Hjalti Þórarinsson, bróðir ákærða Aðalsteins Óskars, kveðst vera hluthafi í fyrirtækinu „Heiðmörk“. Hann kvað ákærða Aðalstein Óskar, sem er fyrirsvarsmaður og prókúruhafi fyrirtækisins, hafa ráðið sig til að starfa hjá fyrirtækinu. Ákærði hefur ekki réttindi til húsgagnasmíða. Að tilhlutan dómsins voru þeir Helgi Hallgrímsson og Hjalti Geir Kristjánsson húsgagnaarkitektar fengnir til að skoða Trésmiðjuna „Heiðmörk“

h.f. Leiddi skoðun þeirra í ljós, að trésmiðjan framleiðir húsgögn úr furu og krossviði, úr birki og fleiri viðartegundum. Húsgögnin eru að mestu leyti framleidd með vélum í fjöldaframleiðslu. Bekkvinna er eingöngu í því fólgin að setja á húsgögnin skrár og lamir og annað hliðstætt. Húsgögnin munu „slípuð“ í vélum, en handslípun á sér einnig stað, þar sem vélum verður ekki við komið. Húsgögnin eru sett saman hjá ákærðu, sem fyrr greinir. Húsgagnaframleiðslan er eingöngu miðuð við máluð húsgögn, en málning þeirra fer ekki fram hjá ákærðu. Húsgögn þau, er framleidd eru í Trésmiðjunni „Heiðmörk“, eru þessi: Klæðaskápar, kommóður, sængurfatakassar, dagstofuskápar, baklausir stólar, ýmis konar borð, tauskápar, bókahillur og bókaskápar. Húsgögnin eru seld að mestu leyti í umboðssölu.

Þegar virt eru þau atvik í máli þessu, að húsgagnaframleiðslan í Trésmiðjunni „Heiðmörk“ h.f. fer að mestu leyti fram í vélum, að húsgögnin, sem eru einföld að gerð, eru framleidd í fjöldaframleiðslu fyrir frjálsan markað, að framleiðslunni virðist þannig háttað, að hver maður geti unnið hluta af starfinu, án þess að kunna skil á öðrum hlutum þess, þá þykir starfsemi ákærðu, eins og henni er nú háttað, vera iðja, þótt ákærðu hafi ekki fengið iðjuleyfi, og ekki brjóta í bága við lagaákvæði þau, sem þeir eru ákærðir fyrir brot á. Ber því að sýkna þá af ákærinni. Allan sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda þeirra, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 500.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Aðalsteinn Óskar Þórarinnsson og Hjalti Þórarinnsson, eiga að vera sýknir af ákærinni í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda þeirra, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 500.00.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 20/1952. **Ákærvaldið** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Herði Jóhannesi Valdimarssyni
(Lárus Jóhannesson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skýrsla ákærða um, að hann hafi ætlað umrætt áfengi til eigin neyzlu, þykir ótrúleg, eins og háttað er högum hans, sem